

Fundur 7.4.2011

Mættir: Karen Jenný, Siggí, Særún, Selma, Axel, Sólveig og Hildur Kristín.

Aðstandendur:

Aðstandendalistinn er tilbúinn.

Skóli hefur ekki svarað síma eða pósti um hvaða upplýsingar mega koma fram á lista. Þess vegna hefur ekki gengið sem skyldi að senda út gíróseðla.

Senda út bréf varðandi gíróseðla, Siggí sér um það.

Karen ætlar að klára listann og láta Axel fá.

Framundan

Búa til fréttabréf. Senda út fyrir páska, óska foreldrum gleðilegra páska. Særún ætlar að búa til bréf á sunnudaginn. Láta eftirfarandi koma fram:

- Bekkjarfulltrúanámskeið
- Öskudagsfjör
- Aðalfundur
- Stefnumótunardagur
- Vorhátíð
- Árgjald

Gera foreldrum grein fyrir hvað foreldrafélagið ætlar að gera svo það sé betri skiliningur á árgjaldinu.

Ætlum að halda fund með félagsmiðstöð miðvikudaginn **13. apríl** næstkomandi. Fá frekari tímasetningu. Tala um eftirfarandi:

- Hvað var gert í vetur.
- Hvað vilja þau gera næsta vetur.
- Hvernig getum við samræmt okkar vinnu og hvernig getum við unnið saman.
- Reyna að fá bæði Halldór og Margréti á fundinn.

Aðalfundur:

Athuga hvort hægt sé að hafa aðalfund þriðjudaginn **17.maí**. Dagsetning aðalfundar kemur fram í fréttabréfi. Siggí athugar hvort salurinn sé laus. Þurfum að klára tillögur að lagabreytingum.

Óskum eftir tillögum að lagabreytingum í fréttabréfi. Senda út fundarboð **3.maí**. Sendum þá út þær tillögur sem komnar eru. Senda svo aftur út áminningu **16.maí**. Karen sér um að senda út fundarboð.

Athuga að fá skemmtilegan fræðslufyrirlestur á aðalfundinn og góðar veitingar. Gæti haft jákvæð áhrif á mætingu. Helga Margrét benti á nokkra fyrirlestra:

- Kannabisneysla unglunga.
- Kostir og gallar stórra skóla.
- Nemandalýðræði, réttur nemenda/barna.

Reyna að velja einn núna og hafa kannski einn fyrirlestur næsta haust og bjóða nemendaráði í þá fræðslu með okkur.

Þurfum að finna fundarstjóra fyrir aðalfund. Hverja skal virkja? Spurning um að senda út fyrirspurn til bekkjarfulltrúa um hvort einhver af þeim geti tekið það að sér. Athuga hvort Ingibjörg Jóhanns er til í að vera fundarstjóri á aðalfundi foreldrafélagsins. Hildur kannar það.

Kosning í skólaráð

Starfsreglur um hvernig kosið er í skólaráð. Farið yfir tillögur að starfsreglum fyrir foreldrafélög.

Talað um að gott væri að skipta út öðrum skólaráðsfulltrúa á hverju ári. Athuga við sitjandi skólaráðsfulltrúa hvort skipta eigi öðrum út núna á aðalfundi.

Þurfum að láta það koma fram í starfsreglum að kosið sé um einn skólaráðsfulltrúa á hverju ári. Vilji fyrir að hafa svipaðar starfsreglur og Nesskóli en breyta eftirfarandi setningu í:

2. Annar fulltrúi foreldra í skólaráði skal vera meðstjórnandi í stjórn foreldrafélagsins.

7. Skólaráðsfulltrúi skal kosinn til tveggja ára í senn en einungis kosinn einn fulltrúi ár hvert svo að báðir fulltrúar foreldra fari ekki úr skólaráðinu á sama tíma.

Til að framfylgja starfsreglum og samræma við löginn. Sólveig ætlar að koma með tillögu um starfsreglur, miðað út frá Nesskóla, og senda á milli okkar.

Starfsreglur fyrir bekkjarfulltrúa

Setja starfsreglurnar, sem koma frá Heimili og skóla, inn á heimasíðuna. Taka út klausuna um foreldraröltið en hafa þær óbreyttar að öðru leyti.

Búa til dagatal yfir viðburði á vegum stjórnarinnar sem hægt er að afhenda bekkjarfulltrúum. Reyna að kjósa bekkjarfulltrúa sem fyrst. Okkur finnst of seint að kjósa þá á námsefniskynningu í lok september. Koma þeirri ábendingu til skólans.

Leggja til að núverandi bekkjarfulltrúar finni sinn eftirmann (eins og lagt er til í starfsreglum). Þegar kemur að námsefniskynningu, verður því komið til kennara þeirra bekkja sem enn hafa ekki fundið bekkjarfulltrúa, að finna slíka.

Sólveig ætlar að búa til bréf sem hægt er að senda á bekkjarfulltrúa. Hver stjórnarmeðlimur sér um sitt stig. Hvetja bekkjarfulltrúa til þess að annar sitji áfram næsta vetur.

Kaupa möppur hjá Heimili og skóla, eina möppu fyrir bekk. Axel fer í að kaupa þær. Reyna að afhenta þær í vor þegar búið er að finna eftirmenn núverandi bekkjarfulltrúa.

Stefnumótunarfundur

Þurfum að koma bréfinu sem við sömdum fyrir fundinn á framfæri

- Koma einhverri yfirlýsingu frá okkur til skólastjórnenda.
- Hvernig fannst okkur fyrirkomulagið.
- Koma á framfæri hvað var gott, slæmt og hvað mætti betur fara.
- Leggja til að starfsmenn skólans og foreldrar verði saman á stefnumótunardegi.

Önnur mál

Reyna að fá fólk til að bjóða sig fram í stjórn fyrir aðalfundinn svo að ekki verði mikil pressa á fólk á fundinum sjálfum. Kosnir verða 3 aðalmenn og 3 varamenn.

Leggja það til við bekkjarfulltrúa að hvetja foreldra til að bjóða sig fram.

Vilji til að hafa fræðslu á foreldrafundum bekkjanna. Er hægt að foreldrafélagið borgi slíkan fyrirlestur? Ekki grundvöllur fyrir því í bili.

Styrkur fyrir 10. bekk var í formi þess að við keyptum kakó og vöfflu af þeim fyrir B-sveit skólahljómsveitarinnar á lafabrauðsdeginum. Kemur í stað fyrri styrkja.

Stjórn foreldrafélagsins keypti verðlaun fyrir einn nemanda. Spurning hvort við ættum að gera það núna. Ákveða fyrir hvað verður verðlaunað.

Maríta fræðslufyrirlestur, árétta nauðsyn fræðslunnar. Árétta útivistartíma. Hvetja foreldra að vera virk í foreldrasáttmálanum.